

## Mál nr. 10

### Fylkir gegn Grindavík

#### Dómkröfur

Krafa kæranda er að leikur Fylkis og Grindavíkur föstudaginn 7. september 2007 í flokki U-23 verði dæmdur Grindavík tapður 3 – 0. Þe að Fylki verði dæmdur sigurinn.

#### Málavextir

Lið Grindavíkur var skipað of mörgum leikmönnum eldri en 23 ára.

#### Tilvísun

24.1.3. Hlutgengir til leiks í hvert sinn eru allir leikmenn hvers félags sem eru 23 ára á almanaksárinu og yngri, auk 6 eldri leikmanna.

#### Röksemdir

Leikskýrsla var illa útfyllt af Grindavík, vantaði hluta af kennitölum eða alveg og því ómögulegt fyrir starfsmann Fylkis að fylla út á heimasíðu KSÍ.

#### Sönnunargögn

Leikskýrsla sem er í vörslu starfsmanna KSÍ, ( fylgir með )

#### Vitni

Nafn: Jón Þórir Sveinsson

Kennitala: 050865-5419

Heimilisfang: Brekkubæ 24

### Greinargerð Grindavíkur

Vegna kæru Knattspyrnudeildar Fylkis á hendur Knattspyrnudeildar Grindavíkur vegna U 23 ára leiks liðanna sem háður var á slæmum ÆFINGAVELLI Fylkis 7. sept. Síðastliðin, Grindavík gefst kostur á að halda uppi vörnum fyrir 21. sept. Og með þessu bréfi viljum við benda á nokkur atriði varðandi þessa kæru en ekki endilega halda uppi vörnum því eins og skýrsla leiksins segir réttilega til var Grindavík með fleiri en 6 leikmenn eldri en 23 ára.

1. Haft var samband við þjálfara Fylkis Leif Garðason og honum tjáð sólarhring fyrir leik að Grindavík myndi mæta með sterkt lið sem væri skipað fleiri en 6 leikmönnum eldri en 23 ára og einnig sagt að ástæða þess væri að Grindavík væri í 2 vikna stoppi og myndi nota þennan leik sem fyrir verkefni í því stoppi og láta sem flesta spila. Leifur sagði að sér væri sama, hann væri reyndar búinn að gefa flestum 3 daga frí og meðal annars yrði hann ekki á staðnum sjálfur.
2. Fylkir / Hörður Guðjónsson : sendir okkur tölvupóst þann 4. sept. Og spyr hvort við munum mæta til leiks ? ( kannski vanir því að önnur lið í U23 mæti ekki ) Þar tjáði ég honum að vissulega mundum við mæta, þá virtist koma upp eitthvað vandamál með

völl og að jafnvel þyrfti að spila leikinn á gervigrasi, þá bauð ég Fylkismönnum að koma til Grindavíkur og spila þennan leik á aðalvelli Grindavíkur við bestu hugsanlegar aðstæður og góðum móttökum, eftir að Hörður hafði lagt það fram við Leif Garðarson tjáði hann mér, að því yrði ekki tekið og leikurinn færi fram á æfingavelli þeirra Fylkismanna sem var eitt mýrarfeni á þessum tíma. Því spyr maður sig þeirrar spurningar ? sendir lið Fylkis lið til keppni í U 23 af knattspyrnulegum forsendum eða er þetta eitthvað leiðindar skilduverkefni þjálfara félagsins ?

3. Hvað varðar leikskýrslu ætla ég ekki að reyna að afsaka, þarna á að vanda til verks og hef ég undirritaður alltaf séð um þessa hluti en þó ekki í þetta sinn og hafa foráðamenn liðsins í þessum leik ákveðið að láta leikmenn skrifa hvern fyrir sig. Þetta tek ég fyrir og bæti.
4. Kæru af þessu tagi skil ég bara ekki alveg því ég hélt að þessi örfáu félög sem höfum hingað til reynt að virða þetta mót ( með að mæta og hafa umgjörðina góða ) og þar eru bæði Grindavík og Fylkir talin ásamt 2 –3 félögum til viðbótar, hélt ég að megin markmið þessara félaga væri að fá leiki og að það væri fagnaðar efni ef lið mættu með sem besta liðið til að hækka standart og gæði leiksins, hefði haldið að það væri frekar heiður ungra leikmanna Fylkis að fá alvöru leik við reyndari menn og þá kannski sjá betur stöðu sína.
5. Held ég reyndar að þessi kæra sé ekki sprottin frá félaginu sjálfu heldur aðlega frá þjálfara félagsins sem af einhverri ástæðu gat ekki verið viðstaddur þennan leik ( sem þó hefði sennilega verið gaman fyrir hans ungu leikmenn ) sumir eru einfaldlega bara þannig að þeir þefa uppi leiðindi.
6. Sorglegast af öllu finnst mér sú vinna sem skapast í kringum svona vitleysu og þá eingöngu hjá öðrum en þeim sem starta henni.
7. Vil ég fyrir hönd Knattspyrnudeildar Grindavíkur biðja þá sem hafa þurft að eyða tíma í þessa vitleysu afsökunar.

Virðingarfyllst :  
Ingvar Guðjónsson  
Framkv.stj.  
Knattsp.deildar Grindavíkur.

### Úrskurður aga- og úrskurðarnefndar KSÍ

Ár 2007, þriðjudaginn 2. október, er fundur haldinn í aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands í Laugardal, Reykjavík, af nefndarmönnum Gunnari Guðmundssyni, Presti Rikharðssyni og Sigurði I. Halldórssyni.

**Fyrir er tekið málið nr. 10/2007:**  
Knattspyrnudeild Fylkis  
gegn  
Knattspyrnudeild U.M.F.G.

Gögn málsins merkt nr. 1-3 liggja frammi. Er nú í nefndinni kveðinn upp svofelldur

## ÚRSKURÐUR:

### I.

#### **Kærandi:**

Knattspyrnudeild Fylkis, kt. 571083-0199,  
Fylkisvegi 6,  
110 Reykjavík.  
Fyrirsvarsmaður: Örn Hafsteinsson

#### **Kærði:**

Knattspyrnudeild U.M.F.G., kt. 581090-2349  
Austurvegi 3,  
240 Grindavík.  
Fyrirsvarsmaður: Ingvar Guðjónsson, framkvæmdastjóri.

Mál þetta er mótttekið af skrifstofu KSÍ 14. september sl. Kærða var gefinn frestur til að skila greinargerð til 21. september sl. og barst greinargerð kærða þann 18. september sl.

#### **Kröfur:**

Kærandi krefst þess að Knattspyrnudeild Fylkis verði dæmdur 3-0 sigur í leik liðanna í Íslandsmóti í flokki U-23 sem fram fór þann 7. september sl.

Í greinargerð kærða í málinu kemur fram að kærði muni ekki halda upp vörnum í málinu og gerir þ.a.l. engar kröfur í málinu.

### II.

#### **Málsatvik og ágreiningsefni:**

Málavextir eru þeir að í leik sem fram fór á Fylkisvelli þann 7. september sl. í Íslandsmóti U-23 var lið kærða U.M.F.G. skipað fleiri en 6 leikmönnum eldri en 23 ára.

### III.

Forsvarsmenn kærða viðurkenna í greinargerð sinni að lið þeirra hafi verið skipað fleiri en 6 leikmönnum sem voru eldri en 23 ára á þessu ári. Rétt þykir að fram komi að kærði telur þessa skipan liðsins hafi verið með fyrirfram samþykki forsvarsmanna kæranda.

### IV.

#### **Niðurstaða:**

Í máli þessu liggur fyrir að lið kærða var ólöglega skipað í hinum umrædda leik.

Í gr. 24.1.3 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót segir:

“Hlutgengir til leiks í hvert sinn eru allir leikmenn hvers félags sem eru 23 ára á almanaksárinu og yngri, auk 6 eldri leikmanna”.

Um ólöglega skipað lið er fjallað í 40. gr. reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót og í gr. 40.1 segir:

*“Lið, sem mætir ólöglega skipað til leiks og félag sem notar leikmann, hjálfara, eða forystumann í leikbanni, telst hafa tapað leiknum með markatölunni 0-3 nema tap hafi verið stærra, þá skal sú markatala ráða. Lið, sem mætir ólöglega skipað til leiks, skal sæta sekt að upphæð allt að kr. 30.000.”*

Svo sem að framan er rakið er óumdeilt að lið kærða var ólöglega skipað í hinum umrædda leik. Þá þykir rétt að beita kærða sekt sem þykir hæfilega ákveðin kr. 20.000,-

Samkvæmt framanrituðu telst Knattspyrnudeild Fylkir hafa unnið leikinn 3-0 og er kærða gert að greiða sekt að fjárhæð kr. 20.000,- til KSÍ.

V.

#### **Um Áfrýjun:**

Samkvæmt grein 14.3. í reglugerð KSÍ um aga-og úrskurðarmál er frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KSÍ 5 dagar frá því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með.

VI.

#### **Úrskurðarorð:**

Knattspyrnudeild Fylkis telst hafa unnið leik gegn Knattspyrnudeild U.M.F.G í Íslandsmóti karla U-23 sem fram fór 7. september 2007 á Fylkisvelli með markatölunni 3-0.

---

Gunnar Guðmundsson

---

Sigurður I. Halldórsson

---

Þröstur Rikharðsson